

Húftrygging fiskiskipa

(Yfir 100 brúttórúmlestir)

Skilmáli nr. M-8

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

VÁTRYGGINGARSVIÐIÐ

1. gr. Skaðatrygging

Um vátryggingu þessa gildir sú grundvallarregla, að hún er skaðatrygging og er félaginu óskyldt að greiða hærri bætur en þarf til þess að bæta tjón það, sem orðið hefur.

2.gr. Munir, sem vátryggingin nær til

- 1 Vátryggingin tekur til skips þess, sem greint er í skírteininu, fylgifyrjar þess, vista og birgða, sem eðlilegar mega teljast. Til skips og fylgifyrjar teljast m.a. vélar skipsins, gangskrúfa og aðrar skráfur, ásamt öxlum og gírum, vindur, rafkerfi, fiskleitartæki, dýptarmælir, ratsjá, leiðsögutæki, fjarskiptatæki, ásamt nauðsynlegum búnaði og varahlutum, enda séu þessir munir um borð í skipinu.
- 2 Undir vátrygginguna falla ekki fiskkassar, aflí og veiðarfæri, þ.á.m. varpa ásamt hlerum og vírum, nætur, nemar og sendar festir við veiðarfæri, net, línur, færi, belgir, baujur og bólfæri.

3. gr. Vátryggingarverð

- 1 Í byrjun hvers vátryggingartímabils skulu vátryggingartaki og félagið koma sér saman um vátryggingarverðið. Það samkomulag er bindandi fyrir félagið, nema leitt sé í ljós, að vátryggingartaki hafi gefið villandi upplýsingar um atriði, sem skipta máli við verðákvörðun. Verðákvörðun verður einnig vikið til hliðar ef hið tiltekna verð er hærra en svo að sanngjarnt sé að telja það vátryggingarverð skipsins.
- 2 Til viðbótar húftryggingunni er vátryggingartaka heimilt að kaupa sérstaka hagsmunatryggingu fyrir skipið til að mæta beinu og óbeinu fjárhagslegu tjóni, sem hann kann að bíða við það, að skipið ferst. Vátryggingarverð hagsmunatryggingarinnar má þó ekki vera hærra en 1/5 hluti af vátryggingarverði húftryggingarinnar.

4. gr. Vátryggingartímabil - Uppsögn

- 1 Sé annars ekki getið í skírteininu, gildir vátryggingin frá kl. 00.00 þann dag, sem hún hefst og til kl. 24.00 þann dag, er henni lýkur.
- 2 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast vátryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé vátryggingunni ekki sagt upp af hálfu vátryggingartaka innan mánaðar frá því félagið sendi endurnýjunarkvittun. Vátryggingartaka er þó ekki skyldt að tilkynna uppsögn fyrr en með 15 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Vátryggingartaka er jafnframt heimilt að segja upp vátryggingu, sem endurnýjast sjálfkrafa, vegna flutnings vátryggingarinnar til annars félags, sbr. 14. gr. og 75 gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Skal þá tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða vátryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma. Þegar vátryggingin er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur vátryggingartaki aðeins sagt vátryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabilsins. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun vátryggingarinnar. Um breytingu á iðgjaldi sjá 26. gr.
- 3 Ef vátryggingu myndi lokið, meðan skip er á ferð sinni, hvort heldur það er samkvæmt vátryggingarsamningnum eða fyrir uppsögn vegna annarra atvika en vanskila á greiðslu iðgjalds, fellur samningurinn þó fyrst úr gildi við lok komudags skipsins til fyrsta ákvörðunarstaðar þess.
- 4 Ef vátryggingin framlengist af þessum sökum getur félagið krafist iðgjalds fyrir framlenginguna, 1/365 hluta af síðasta ársiðgjaldi fyrir hvern dag, sem vátryggingin er framlengd.

5. gr. Siglingasvæði

Félagið er laust úr ábyrgð ef skipið fer suður fyrir 40° norðlægrar breiddar eða norður fyrir 70° norðlægrar breiddar á tímabilinu frá 16. nóvember til 15. maí.

6.gr. Það sem félagið bætir

Félagið bætir tjón (skemmdir á skipinu ofl.) og kostnað eins og hér segir:

- 1 Algert tjón, sbr. 20. gr.
 - 2 Skemmdir á skipinu sökum skyndilegrar og óvæntrar óhappatilviljunar nema sérstök undantekning sé gerð í vátryggingarsamningnum.
 - 3 Skemmdir sem stafa af því að galli er í efni skipsins, smíðisgalli eða viðgerðargalli á því eða hlutum þess, enda verði skaðabætur ekki fengnar úr hendi þeirra sem ábyrgð kunna að bera á slíkum göllum, sjá þó 9.2.
 - 4 Skemmdir sem raktar verða til yfirsjónar eða vanrækslu skipverja eða þriðja manns.
 - 5 Kostnað við björgun samkvæmt ákvæðum siglingalaga svo og kostnaður við ráðstafanir til að varna tjóni samkvæmt reglum laga nr. 30/2004
 - 6 Þátttaka í sameiginlegu sjótjóni eins og slík þátttaka er ákveðin í York/Antwerpen reglunum frá 1994.
 - 7 Kostnað, sem óhjákvæmilega fylgir tjónsviðgerð, þ.e. mannahaldskostnaður, slippkostnaður, eyðsla í vélum skipsins, hafnargjöld, varðstaða, þóknun til skoðunarmanns flokkunarfélags, svo og þóknun til skoðunarmanns eiganda, ef um meiriháttar tjón er að ræða, eins og nánar er ákveðið í niðurlýðingum reglunum sem fylgja skilmálum þessum og teljast hluti þeirra.
 - 8 Kostnað við förgun muna vegna bótaskyldrar viðgerðar.
- 7.gr. Skaðabótakrafa þriðja aðila- brotnám flaks**

- 7.1 Tjón sem skipið veldur með árekstri og tjón sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun þess, enda sé tjónið bein afleiðing skemmda á munum eða líkamsmeiðsla og váttryggingartaki ábyrgur að lögum.
- 7.2 Kostnað við að fjarlægja flak skipsins.
- 7.3 Hámark samanlagðra bóta samkvæmt 7.1 og 7.2 vegna eins tjónsatburðar er það hámark sem kveðið er á um í 1. - 3. mgr. 177. gr. siglingalaga nr. 34/1985.
- 7.4 Félagið greiðir vexti af bótafjárhæð og kostnað, sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu váttryggðs, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr fjárhæðinni sem tiltekin er í 7.3. Séu hámarksbætur skv. 7.3 lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar, greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta, er svarar til hámarksbótanna í 7.3.

8. gr. Skip sama eiganda

- 8.1 Nú rekst váttryggt skip á annað skip, er bjargað eða fær aðstoð annars skips og er félagið þá greiðsluskylt, þótt það skip sé eign váttryggðs eða bæði skipin lúti sömu útgerðarstjórn.
- 8.2 Þegar svo stendur á, skulu váttryggður og félagið fela einum gerðarmanni að ákveða um sök, björgunarlaun eða þóknun fyrir aðstoð. Ef aðilar koma sér ekki saman um gerðarmann, skal þess óskað að dómstjórnin í Reykjavík tilnefni hann. Gerðinni verður ekki skotið til dómstóla.

9. gr. Undanskildar áhættur

- Félagið bætir ekki:
- 9.1 Skaðabótakröfu frá starfsmönnum eiganda eða útgerðarmanni. Sama gildir um skaðabótakröfu frá eigendum afla eða annars sem skipið flytur.
- 9.2 Skemmdir á þeim hlutum skipsins sem efnisgalli, smíðisgalli eða viðgerðargalli er á, sbr. gr. 6.3.
- 9.3 Skemmdir af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum. Sama gildir um tjón sem rakið verður til hönnunargalla og/eða breytinga sem gera þarf á skipinu vegna hönnunargalla.
- 9.4 Tjón sem stafar af því að skipið var óhaffært, er það lét síðast úr höfn, ófullnægjandi útbúið eða mannað, hafði eigi nauðsynleg skipsskjöl eða var eigi tryggilega hlaðið.
- 9.5 Tjón sem verður rakið til stríðs, óeirða, uppþots verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.
- 9.6 Kostnað sem fylgir bótaskyldri tjónsviðgerð að því marki sem útgerðarmaður hefði sjálfur orðið að greiða fyrir eigin reikning vegna útgerðarinnar, viðhalds og/eða viðgerðar, hvort sem hin bótaskylda viðgerð fer fram samtímis eða á öðrum tíma.
- 9.7 Aukakostnað vegna nætur- og helgidagavinnu.
- 9.8 Kostnað við að hreinsa og mála botn skipsins.
- 9.9 Óbeint tjón svo sem aflatjón og annað tjón, svo og kostnaður váttryggðs sem stafar af töf, sjá þó gr. 6.7.
- 9.10 sektir og refsivíðurlög.

HEGÐUN SEM VELÐUR MISSI BÓTARÉTTAR

10. gr. Rangar upplýsingar - Svik

- 10.1 Við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings ber váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um váttryggingaráhættuna sem félagið óskar. Sömuleiðis ber váttryggingartaka, og eftir atvikum váttryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.
- 10.2 Skýri váttryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður skv. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 10.3 Hafi félagið fengið frá váttryggingartaka rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna getur það sagt upp váttryggingunni með 14 daga fyrirvara. Hafi váttryggingartaki viðhaft sviksamlega háttsemi getur félagið slitið váttryggingunni án fyrirvara sem og öllum öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu.
- 10.4 Félaginu er heimilt að skoða hið váttryggða og umbúnað þess þegar félagið óskar.

11. gr. Tilkynning um tjón – Ráðstafanir vegna tjóns o.fl.

- 11.1 Þegar það atvik, sem váttryggt er gegn, hefur gerst, eða hætta er á því að það gerist, ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau getur réttlætanagerleg. Vanræksla í þessu efni getur valdið lækkun eða missi bóta skv. 28. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 11.2 Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.
- 11.3 Váttryggður skal veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að að leiða til þess að hann fær bætur, sem hann á ekki rétt á, fellur niður allur réttur hans samkvæmt váttryggingarsamningnum. Félaginu er ennfremur heimilt þegar svo stendur á að segja upp váttryggingarsamningnum sem og öllum öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggður hefur hjá félaginu með viku fyrirvara.
- 11.4 Félaginu er heimilt, er váttryggingaratburður verður, að segja váttryggingunni upp með 30 daga fyrirvara. Uppsagnarréttur þessi fellur niður sé hann ekki notaður innan 30 daga frá því að bætur eru greiddar eða kröfu um þær synjað.

11.5 Félagið er ekki bundið af því ef váttryggður viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að váttryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar.

12. gr. Aukin áhætta

Iðgjald þessarar váttryggingar fer eftir notkun hins váttryggða og gefnar eru upplýsingar um við váttryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu váttryggða á váttryggingarskírteini og notkun/starfsemi breytist þannig að áhætta félagsins eykst ber váttryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt váttryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

13. gr. Varúðarreglur

13.1 Váttryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.

13.2 Varúðarregla: Þegar skip er í höfn eða í lægi skal ganga tryggilega frá festum þess. Jafnframt ber váttryggðum að hafa reglubundið eftirlit með skipinu.

13.3 Varúðarregla: Váttryggðum ber að fara eftir fyrirmælum opinberra stofnanna svo sem Siglingastofnunar og Löggildingarstofu. Skipið skal ávallt vera fullkomlega haffært, og með gilt haffærisskírteini, þegar lagt er úr höfn.

14. gr. Gáleysi og ásetningur

Ef váttryggingaratburðurinn verður rakinn til ásetnings, stórkostlegs gáleysis eða ölvunar váttryggðs eða neyslu hans á ávana- eða fíkniefnum, á hann enga kröfu á hendur félaginu, þó með þeirri undantekningu að bótaréttur skv. 7. gr. fellur aðeins niður valdi váttryggður váttryggingaratburð með ásetningu.

BÓTAÁKVÖRÐUN - UPPGJÖR TJÓNS - ENDURKRAFA O.FL.

15. gr. Tjónsfrádráttur – tímamörk tjónskröfu

15.1 Bætur vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar, aðrar en fyrir algert tjón, skulu háðar frádrætti eins og hann er ákveðinn í váttryggingarskírteininu.

15.2 Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.

16. gr. Réttur félagsins til að fjalla um kröfur þriðja aðila

16.1 Jafnskjótt og váttryggingartaki fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.

16.2 Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum váttryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

16.3 Félagið er ekki bundið af því ef váttryggður viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að váttryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar.

17. gr. Fjárhæð váttryggingarbóta

17.1 Ef skipið ferst eða verður dæmt óbætandi, sbr. gr. 20.2 bætir félagið tjónið með því að greiða váttryggingarverðið.

17.2 Skemmdir á skipinu bætir félagið með því að greiða nauðsynlegan viðgerðarkostnað sem fallið hefur á váttryggðan ásamt tilheyrandi kostnaði sbr. þó niðurbæturreglur sem fylgja skilmálum þessum.

17.3 Bætur fyrir skemmdir eða missi skipsins skulu við hvern einstakan váttryggingaratburð ekki vera hærrí en váttryggingarverðið nema annað leiði af 28. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Vextir greiðast af tjónsbótum skv. 24. gr.

17.4 Við uppgjör tjóna á vélum, tækjum og vélbúnaði skipsins skal aldrei greiða hærrí bætur en nemur frumverði hlutarins að frádregningu fyrningu miðað við aldur hlutarins. Fyrningin er 6% fyrir hvert ár í allt að 13 ár fyrir vélar, upptöku þeirra og niðurstetningu og 8% fyrir hvert ár í allt að 10 ár fyrir rafeindatæki, upptöku þeirra og niðurstetningu. Sé skip váttryggt samkvæmt mati Fjárhæðarnefndar fiskiskipa gilda þó afskriftarreglur Fjárhæðarnefndarinnar.

17.5 Engar bætur koma fyrir óviðgerðar skemmdir á skipinu ef það ferst án þess að viðgerð hafi farið fram.

17.6 Nú semur félagið við váttryggðan um bætur án þess að viðgerð fari fram eða skipið hafi verið dæmt óbætandi, sbr. gr. 20.2 og skulu þá bæturnar aldrei vera hærrí en 90% af viðgerðarkostnaði eins og dómkvaddir menn meta hann eftir ákvæðum skilmálanna og niðurbæturreglnanna.

17.7 Nú er gert við skipið þó að skilyrði gr. 20.2 séu fyrir hendi, þá takmarkast greiðsluskylda félagsins við váttryggingarverðið að viðbættum bótum skv. 28. gr. laga nr. 30/2004, ef því er að skipta, en að frádregnu verði leifa skipsins.

17.8 Sé skipið selt áður en viðgerð fer fram gilda reglurnar í gr. 17.6 ef sannað er að söluverð skipsins lækkaði sem nam eigi lægri fjárhæð en metnum viðgerðarkostnaði hinna óviðgerðu skemmda.

18. gr. Viðgerð

Váttryggður skal sjálfur annast um viðgerð á skemmdum á skipinu nema félagið fari fram á annað.

19. gr. Samráð um viðgerð

19.1 Váttryggðum er skylt að hafa fullt samráð við félagið um hvar og hvenær viðgerð fer fram á skemmdum sem váttryggingin skal bæta. Geri hann það ekki er félaginu óskylt að greiða kostnaðarauka sem af því leiðir.

19.2 Að jafnaði skal viðgerð fara fram innan árs frá váttryggingaratburðinum og er félaginu ekki skylt að greiða kostnaðarauka, ef dráttur verður lengri. Sama gildir, ef hið efnislega tjón eykst við það að viðgerð dregst lengur en eitt ár.

20. gr. Algert tjón

Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón í eftirfarandi tilvikum:

- 20.1 Skipið ferst eða verður fyrir svo miklum skemmdum að ekki er unnt að bjarga því eða gera við það.
- 20.2 Skipið verður fyrir svo miklum skemmdum að kostnaður við að bjarga því og gera við það nemur hærri fjárhæð en váttryggingarverðinu.
- 20.3 Skipið hverfur úr umráðum váttryggðs með þeim atvikum að ekkert hefur til skipsins spurst í 3 mánuði
- 20.4 Skipið er hernumið eða kyrrsett af erlendu ríki og ekki látið laust innan 6 mánaða enda sé tjónið ekki innan marka venjulegra skilmála fyrir stríðs- og óeirðatryggingu. Ákvæði þetta á ekki við um tjón sem hlýst af því að skipið er gert upptækt í refsímáli eða kyrrsett eða selt að kröfu skuldeheimtumanna.

21. gr. Krafa um bætur fyrir algert tjón

Vilji váttryggður krefjast bóta fyrir algert tjón á grundvelli gr. 20.2 skal hann tilkynna félaginu það án ástæðulausrar tafar eftir að skipinu er bjargað og váttryggður hefur haft tækifæri til að skoða skemmdirnar.

22. gr. Réttur til leifa váttryggðra hluta

Þegar félagið hefur greitt bætur fyrir tjón öðlast það rétt váttryggðs til þess sem enn kann að vera til af munum er það hefur bætt.

23. gr. Endurkröfuréttur

Bæti félagið tjón sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á öðlast það rétt váttryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur og endurkröfuréttur er fyrir hendi skv. ákvæðum II. kafla laga nr. 50/1993.

24. gr. Greiðsluskylda félagsins- vextir

Um gjalddaga og vexti af váttryggingarbótum fer eftir 48. og 50. gr. laga nr. 30/2004, þó þannig að við algert tjón fellur krafa váttryggðs eigi í gjalddaga fyrr en 2 mánuðum eftir að upplýsingar skv. 48. gr. laga nr. 30/2004 liggja fyrir.

25. gr. Fyrning

- 25.1 Krafa um bætur fyrnist á fjórum árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á tíu árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaafburður varð. Váttryggður verður að tilkynna félaginu um kröfu sína innan árs frá því hann vissi um atvik þau er krafan er reist á sbr. gr. 11.2.
- 25.2 Kröfur um endurgreiðslu iðgjalds vegna hafnarlegu eða annarra ástæðna fyrnast þó á 2 árum frá lokum váttryggingartímabils.

IÐGJALDIÐ

26. gr. Almennt um iðgjaldið

- 26.1 Félagið og váttryggingartaki eða umboðsaðili hans skulu fyrir hver áramót semja um iðgjald, er gildi fyrir eitt ár í senn. Náist ekki samkomulag er félaginu heimilt að ákveða iðgjaldið. Vilji váttryggingartaki ekki una iðgjaldsákvörðun félagsins getur hann sagt váttryggingunni upp innan 30 daga frá því að hann fær tilkynningu um iðgjaldið.
- 26.2 Félaginu er heimilt að draga ógreidd, gjaldfallin iðgjöld frá váttryggingarbótum.
- 26.3 Um greiðslu iðgjaldsins og áhrif vanskila á greiðslu þess fer eftir ákvæðum 32.-34. gr. laga nr. 30/2004.

27. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

- 27.1 Falli váttryggingarsamningurinn úr gildi áður en váttryggingartímabilinu lýkur, endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af váttryggingartímabilinu. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004. Sé andvirði hins váttryggða greitt út við altjón og váttryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds.
- 27.2 Ef skipinu er lagt í öruggri höfn að mati félagsins, skal að váttryggingartímabilinu loknu endurgreiða hluta iðgjaldsins. Ef um er að ræða skip sem er stærra en 250 rúmlestir og stundar eingöngu togveiðar skal endurgreiða 0,15% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern legudag enda hafi skipið legið samfleytt í 10 daga eða lengur. Fyrir önnur skip skal endurgreiða 0,15% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern legudag enda hafi skipið legið samfleytt í 20 daga eða lengur.
- 27.3 Nú verður skipið fyrir algeru tjóni á váttryggingartímabilinu og fellur þá niður réttur til endurgreiðslu iðgjalds.

EIGANDASKIPTI – VÁTTRYGGING HAGSMUNA ÞRIÐJA MANNS

28. gr. Eigandaskipti

Ef eigandaskipti verða að skipinu eða það er sett undir aðra útgerðarstjórn, fellur váttryggingin úr gildi, með þeirri undantekningu sem getur í gr. 4.3.

29. gr. Réttur veðhafa gagnvart félaginu

- 29.1 Nú eru hinir váttryggðu hagsmunir veðsettir og telst þá váttryggingin einnig vera veðhafa til hagsbóta, þó þannig að veðhafi öðlist ekki meiri rétt gagnvart félaginu en eigandinn.
- 29.2 Hafi eigandi eða veðhafi tilkynnt félaginu veðsetninguna gilda reglurnar í 30. - 32. gr. hér á eftir. Slík tilkynning hefur áhrif er hún kemur til félagsins.
- 29.3 Félagið skal tilkynna veðhafa um að því hafi verið skýrt frá veðsetningunni og hver réttaráhrif það hafi.

30. gr. Uppsögn og aðrar ráðstafanir yfir váttryggingunni

- 30.1 Eigandi getur ekki svo gilt sé gagnvart veðhafa breytt, rift eða sagt upp váttryggingarsamningnum. Ákvæði 28. gr. váttryggingarskilmálanna um brottfall váttryggingarinnar við eigandaskiptin gilda einnig gagnvart veðhafa.
- 30.2 Ef félagið segir váttryggingarsamningnum upp er því skylt að skýra veðhafa frá uppsögninni með sama fyrirvara og eiganda. Félagið getur ekki borið fyrir sig gagnvart veðhafa að það sé laust úr ábyrgð vegna ógreidds iðgjalds nema það hafi einnig tilkynnt veðhafanum um vanskilin.

31. gr. Uppgjör tjóns, ákvörðun bóta

- 31.1 Eigandinn og félagið taka nauðsynlegar ákvarðanir í sambandi við tjón sem ber að höndum, útreikning bóta og málatilbúnað vegna kröfu á hendur þriðja manni.
- 31.2 Þegar um algert tjón er að ræða, getur eigandi ekki skert rétt veðhafa með því að afsala sér rétti til bóta að nokkru eða öllu leyti.
- 32. gr. Greiðsla bóta**
- 32.1 Við algert tjón gengur krafa veðhafa fyrir rétti eiganda.
- 32.2 Nú nema váttryggingarbætur vegna einstaks váttryggingaratburðar meira en 5% af váttryggingarfjárhæðinni og er félaginu þá óheimilt án samþykkis veðhafa að greiða bæturnar nema gegn afhendingu kvittaðs reiknings frá þeim sem framkvæmt hefur viðgerð.
- 32.3 Félaginu er heimilt, án samþykkis veðhafa að skuldajafna váttryggingabótum á móti kröfum sínum á hendur eiganda (váttryggðum). Skuldajöfnunarréttur þessi takmarkast þó við kröfur sem fallið hafa í gjalddaga tvö síðustu árin áður en greiðsla bóta fór fram.

ALMENN ÁKVÆÐI

33. gr. Uppsagnarréttur félagsins

Félagið getur sagt upp þessum váttryggingarsamning vegna eftirfarandi aðstæðna, nema annað sé lögboðið:

- 33.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um váttryggða áhættu, sbr. 21. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004. Hafi váttryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína getur félagið sagt upp váttryggingunni sem og öðrum váttryggingasamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu án fyrirvara.
- 33.2 Með viku fyrirvara ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bættur sem hann á ekki rétt til sbr. 47. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004. Félaginu er enn fremur heimilt að segja upp öllum öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggður hefur hjá félaginu, með sama fyrirvara, þegar svo stendur á.
- 33.3 Með tveggja mánaða fyrirvara ef notkun váttryggðs hlutar, starfsemi váttryggðs, eða aðstæður að öðru leyti breytast á váttryggingartímabili á þann hátt að félagið hefði ekki samþykkt váttrygginguna ef slíkar upplýsingar hefðu legið fyrir við upphaf váttryggingatímabilsins.
- 33.3 Með tveggja mánaða fyrirvara, í kjölfar tjónsatviks og er félaginu jafnframt heimilt að segja upp öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu með sama fyrirvara:
- 33.3.1 þegar tjónþungi váttryggingar er meiri en eðlilegt getur talist, t.d. 3 tjón eða fleiri á 12 mánuðum;
- 33.3.2 ef váttryggður hefur valdið tjóni af ásetningi;
- 33.3.3 ef váttryggður brýtur gegn varúðareglum;
- 33.3.4 ef alvarlegur trúnaðarrestur hefur orðið milli váttryggðs og félagsins.

34. gr. Samsöömum

Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að starfsmenn váttryggingartaka eða váttryggðs hafi brotið gegn ákvæðum váttryggingarinnar skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

35. gr. Ágreiningur og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

36. gr. Lög um váttryggingarsamninga

Lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga gilda um þau atriði, sem ekki er öðruvísi mælt fyrir um í váttryggingarsamningnum.

37. gr. Sönnunarskylda

Um váttryggingu þessa gildir sú almenna regla að sönnunarskyldan hvílir á váttryggðum bæði um það að tjón falli undir váttryggingarsamninginn og einnig um það hve miklu tjónið nemur.

REGLUR

um niðurjöfnun á tjónum.

Slippkostnaður

Félagið bætir allan kostnað við upp- og framsátur ef unnið er við skipið á slipp eingöngu vegna bótaskyldrar viðgerðar, en hálfan kostnaðinn ef einnig er unnið fyrir reikning útgerðarmanns. Nú eru fullir sex mánuðir liðnir frá því skipið var síðast á slipp og greiðir þá útgerðarmaður allan kostnað við upp- og framsátur.

Félagið bætir allan kostnað við hliðarfærslu á slipp, ef færa þarf skipið eingöngu vegna bótaskyldrar viðgerðar, en hálfan kostnaðinn, ef einnig þarf að færa skipið vegna aðgerða fyrir reikning útgerðarmanns.

Slippleigan skiptist milli félagsins og útgerðarmanns í beinu hlutfalli við þann dagafjölda, sem aðgerðirnar, er hvor ber kostnað af, myndu hafa tekið, ef framkvæmdar hefðu verið einar sér.

Mannahaldskostnaður

Ef skip tefst frá veiðum eða annarri eðlilegri notkun vegna bótaskyldrar viðgerðar, bætir félagið dagkaup (kauptryggingu) yfirmanna skipsins í samræmi við kjarasamninga LÍÚ að frádregnum 7 fyrstu dögum er skipið tefst. Kaup greiðist þó aldrei fyrir lengri tíma en nemur lögboðnum uppsagnarfresti að frádregnum 7 dögum.

Til yfirmanna teljast skipstjóri, stýrimenn, vélstjórar og loftskeytamaður. Mannahaldskostnaður bætist ekki nema skemmdir séu þess eðlis, að viðgerð verði að fara fram innan sex mánaða frá því að váttryggingaratburð bar að höndum. Það er skilyrði fyrir greiðsluskilyldu félagsins, að útgerðarmanni sé skylt að greiða nefndan mannahaldskostnað.

Ef samtímis er unnið fyrir reikning útgerðarmanns, skiptist dagkaupið milli félagsins og hans í beinu hlutfalli við þann dagafjölda, sem aðgerðirnar, er hvor ber kostnað af, myndu hafa tekið, ef framkvæmdar hefðu verið einar sér. Ef skipið er

sent til útlanda gagngert til viðgerðar á bótaskyldu tjóni með samþykki félagsins, bætir félagið mannahaldskostnað vegna þeirra skipverja, sem þarf til að sigla skipinu milli landa, og fer upphæð kostnaðarins eftir því, sem ákveðið er hverju sinni í heildarkjarasamningum milli sjómanna og útgerðarmanna. Nú er samtímis unnið við skipið fyrir reikning útgerðarmanns og skiptist þá mannahaldskostnaðurinn í hlutfalli við þann dagafjölda, sem aðgerðirnar, er hvor ber kostnað af, myndu hafa tekið, ef framkvæmdar hefðu verið einar sér. Félagið bætir á sama hátt kostnað við að senda skipverjana heim og út aftur til að sækja skipið, ef sú ráðstöfun kostar minna en dvöl þeirra erlendis.

Eyðsla í vélum skipsins, hafnargjöld og varðstaða

Félagið bætir eyðslu í vélum skipsins, hafnargjöld og nauðsynlega varðstöðu, meðan skipið tefst í höfn vegna bótaskyldrar viðgerðar, en ef samtímis er unnið fyrir reikning útgerðarmanns, vegna breytinga á skipinu, nauðsynlegrar viðgerðar eða nauðsynlegs viðhalds, skiptist þessi kostnaður á sama hátt og slippleiga. Ef skipið er sent til útlanda gagngert til viðgerðar á bótaskyldu tjóni, með samþykki félagsins, bætir félagið eyðslu í vélum skipsins á siglingunni á sama hátt og mannahaldskostnað.

Léttbátur

Léttbátur skipsins er vátryggður með skipinu og bætir félagið tjón, sem á bátnum kunna að verða, meðan hann stendur á sínum stað um borð í skipinu eða er í notkun sem björgunarbátur.

Bráðabirgðaviðgerð

Fari fram bráðabirgðaviðgerð á bótaskyldu tjóni bætir félagið kostnað vegna þeirrar viðgerðar að því marki sem hún kemur að notum við fullnaðarviðgerð.

Skilmáli þessi gildir frá 01.07.2016